

Fundargerð TSÍ; 7. mars 2025

Mættir á fundi: Magnús formaður, Gunnar meðstjórnandi, Soumia rítari og Kristín Dana gjaldkeri. Andri Jónsson mætti ekki.

Fundur hófst kl. 12; 3. hæð ÍSÍ

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Mia sendir fundargerðina eftir helgi.

2. Óendurskoðað uppgjör 2024

Bókhaldið sýnir nokkrar leiðréttingar frá síðasta ári – tölurnar eru næstum að vera í núlli eða aðeins neikvæðar, sem er í samræmi við áætlanir okkar. Ársreikningurinn er nú fullbúinn og verður fljótlega sendur til skoðunarmanna.

3. Budget 2025

Budgetið fyrir árið 2025 hefur verið lagt fram til skoðunar stjórnar. Endanlegt budget verður samþykkt á Tennisþingi.

- Tekjur frá Davis Cup og BJK verða minni, með áætlaðri 15% lækkun.
- Á móti kemur hækkun um ríflega 2 milljónir úr afrekssjóði.
- Samkvæmt áætlun verða heildartekjurnar fyrir 2025 um 500.000 kr. lægri en á þessu ári.

4. Afstaða gagnvart erlendum spilurum á Íslandi

Markmiðið er að hvetja fleiri til að keppa fyrir Ísland. Við verðum að fylgja leiðbeiningum frá Tennis Europe og ræða samt málið við Raj, Jónas og aðra fagaðila til að ákvarða áframhaldandi stefnu varðandi svona mál.

- Mál þessi er tilkomið vegna leikmanna sem hingað til hafa spilað fyrir Ísland en hafa nú verið skráð sem spilarar fyrir önnur lönd. Þetta opnar möguleika á að leita til annarra leikmanna sem fulltrúa fyrir Ísland á alþjóðavettvangi.
- Spurningar vakna hvort nota skuli þessa erlendu leikmenn til að keppa þar sem það er hægt eða ekki.
- Ýmsat skoðanir varðandi þetta mál og ákveðið að leita ráðlegginga hjá Raj og Jónasi varðandi þetta mál.

5. Keppnisferðalög og þátttaka í sumar

Dagsetningar fyrir keppnisferðalagin eru nú ákveðnar:

- DC: 9.–15. júní
- BJKC: 16.–22. júní

6. Íslandsmeistaramót utanhúss 2025

Mótið verður haldið 23.–29. júní, beint eftir BJKC. MR sendir beiðni um útsendingu á Stöð 2 Sport.

Fundargerð TSÍ; 7. mars 2025

7. Sponsorship-hugmyndir fyrir landsliðþjálfara

Anton leggur til að leita að nýjum sponseurum til að styrkja karlalandsliðið. Það þarf að setja skýrar reglur fram um sponsoring og tryggja jafnrétti gagnvart kvennalandsliðinu. Stjórnin skal einnig tryggja að valdir sponseurar henti ímynd TSÍ á Íslandi.

8. Tennisþing

- Boðanir hafa verið afgreiddar
- Salurinn er til staðar og Magnús sér um veitingar og önnur atriði fyrir gestina.
- Gullmerki verða afhent á þessu ári.
- Magnús gefur kost á sér á næstkomandi tímabíl
- Mia gefur kost á sér til næstu tvö ár.
- Andri dregur sig úr stjórninn en gefur kost á sér sem varamaður.

10 . Önnur mál

Stjórn samþykkir að bjóða stjórn ásamt mökum á árshátíð.

Fundarslit:

Fundur slitið kl. 13:00